

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi vegna Framness
austan við Nesveg, Grundarfjarðarbæ.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 11. febrúar 2016 eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Framnes austan við Nesveg.

Deiliskipulagsbreytingin felst í sameiningu lóða 4b og 6 á Nesvegi í lóð 6. Lóðarmörk lóðar 4b breytast jafnframt við mörk lóðar nr. 6. Nýtingarhlutfall nýrrar lóðar (nr. 6) hækkar úr 0,9 í 0,98 og mesta leyfilega hæð mannvirkis verður 16 m í samræmi við gildandi skilmála lóðar nr. 6. Gert er ráð fyrir 16 bílastæðum á lóðinni.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Grundarfjarðarbæ, 8. mars 2016.

Gunnar Sigurgeir Ragnarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2016